

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími), 741. mál

Í a. lið 2. gr. og a. lið 3. gr. frumvarps til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands er lagt til að gerðar verði þær breytingar á skipunartíma þjóðminjavarðar og forstöðumanns Náttúrminjasafns Íslands að einungis verði heimilt að endurnýja skipun þeirra í embætti einu sinni. Verði frumvarpið að lögum mun skipunartími framangreindra forstöðumanna að hámarki geta orðið 10 ár. Í greinargerð með frumvarpinu segir að að markmið breytinga sé að samræma skipunartíma nefndra forstöðumanna við skipunartíma Listasafns Íslands, þjóðleikhússtjóra og framkvæmdastjóra Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Jafnframt er vísað til samráðs við fagfélög og menningar- og viðskiptaráðherra og vilja þeirra til framangreindra breytinga. Þá segir í fjórða kafla greinargerðarinnar um mat á áhrifum að stytting mögulegs skipunartíma geti stuðlað að hraðari endurnýjun meðal forstöðumanna.

Samkvæmt 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 eru forstöðumenn ríkisstofnana að jafnaði skipaðir til 5 ára í senn. Skipunartíminn framlengist sjálfkrafa um önnur fimm ár hafi viðkomandi ekki verið tilkynnt með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara að til standi að auglýsa embættið laust til umsóknar. Framangreind regla gildir um meginþorra forstöðumanna og heyrir til undantekninga að skipunartími sé takmarkaður við 10 ár líkt og lagt er til með frumvarpi því sem hér er til skoðunar.


Það er mat Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) að rík rök verði að standa til þess að takmarka skipunartíma einstakra forstöðumanna líkt og lagt er upp með í frumvarpinu. Jafnframt er mikilvægt að allar breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisins taki mið af og séu í samræmi við [Stjórnendastefnu ríkisins](#) sem

starfað hefur verið eftir frá árinu 2019. Í henni er meðal annars fjallað um mikilvægi þess að ríkið búi stjórnendum eftirsóknarvert starfsumhverfi og að jöfn tækifæri og virðing skuli ávallt höfð að leiðarljósi í starfsumhverfi ríkisins. Í stefnunni er sérstaklega fjallað um starfslok stjórnenda ríkisins og tiltekið mikilvægi þess að halda í öfluga stjórnendur hjá ríkinu, að þeim sé veitt tækifæri til frekari starfsþróunar á nýjum vettvangi og þeim stjórnendum sem eru að ljúka starfsferli verði veittur stuðningur.

Að endingu vill félagið ítreka mikilvægi heildstæðrar og málefnalegrar umræðu um starfsumhverfi forstöðumanna, þ.m.t. um skipunarkjör þeirra.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar FFR



Kristján Sverrisson, formaður